



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni tillögu: *Hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu*

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 247.572 kr. í 259.951 kr. á mánuði
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr 396.115 kr. í 415.922 kr. á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr 208.591 kr. í 219.021 kr. á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr 123.786 kr. í 129.976 kr. á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr 19.870 kr. í 20.864 kr. á mánuði.

Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2026. Áætlað er að aukinn kostnaður við breytinguna nemi um 130 m.kr. á ári.

### Greinargerð:

Í ákvæðum 9. mgr. 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Fjárhæð grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar var síðast endurskoðuð um áramót 2024/2025.

Lagt er til að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verði hækkaðar um 5% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og taki hækkunin gildi þann 1. janúar 2026. Um er að ræða eftirfarandi breytingar á 1.-5. mgr. 10. gr. og 16. gr. a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Breytingar eru með rauðu letri:

1.-5. mgr. 10. gr.  
Grunnfjárhæð



Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **259.951 kr.** ~~247.572 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **415.922 kr.** ~~(259.951 kr. x 1,6). 396.115 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er **219.021 kr.** ~~208.591 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er **123.786 kr.** ~~(259.951:2) 119.948 kr. (239.895 kr.:2).~~ Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur **219.021 kr.** ~~208.591 kr.~~

#### 16. gr. a

##### *Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri*

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða **20.864 kr.** ~~19.870 kr.~~ fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.



**Reykjavík**